

Harold Lief – apríl 2020

Málfrelsið á undir högg að sækja við háskólanna eins og víðar. Staðreyndir og andstæðar skoðanir þeirra, sem ekki aðhyllast rétttrúnaðinn, skulu ekki má eyrum og augum fólks eins og eftirfarandi dæmi bendir til.

Harolf Lief (1917-2007) var geðlæknir og sálkönnuður, heiðursprófessor við háskólann í Pennsylvaníu, Bandaríkum Norður-Ameríku.

Haustið 1994 var honum boðið að lesa fyrir um „heilkeni bældra minninga (false memory syndrome), við McGill háskólann í Kanada, en var þaggaðir niður og hrakinn á brott. Mótmælendur sögðust umvörpum vera fórnarlömb kynferðislegrar áreitni. En það vill svo til, að hugtakið hefur verið í brennidepli í umræðum um nauðgarnir karla á konum. Fjöldi karla hefur verið sakfelldur í ljósi þess „vitnisburðar,“ að skyndilega losni um bælda minningu um nauðgun eða kynferðislega misnotkun í æsku. Oft og tíðum er faðirinn sökudólgurinn. Þegar falskar minningar eru dregnar í efa, gæti fjöldi fullorðinna kvenna týnt trúverðugleikanum. Því hefur verið barist heiftúðlega gegn umræðu um fyrirbærið.

Harold Lief segir það skoðun kvenfrelsara, að það sé utan velsæmismarka að fjalla um bældar minningar. En, segir hann „[t]jáningarfrelsi er miklu mikilvægara því að finna stjórnómálega rétttrúnaðarlausn á umdeildum málefnum.“

Í tilefni þessa, sagði Alan Andrews, þáverandi formaður háskólakennara: „Það er gífurlega mikilvægt að geta sagt hug sinn í háskóla. Sé það einu sinni ámalgað, að fólk segi ekki það, sem þeim í brjósti býr, að það beiti sjálft sig aðhaldi [í þessu efni], er tilgangur háskólans að engu gerður.“

Nokkrir prófessorar við Trent Háskólann í Pétursborg (Peterborough) í Ontario, Kanada, sömdu yfirlýsingu af sama tilefni, en þar segir: „Við steðjum til varnar frelsi til að láta sér um munn fara ákveðin ummæli á vísindalegum vettvangi, sem við í raun rétttri lýsum okkur ósammála og fyrirliðum í sumum tilvikum. Í [málsvörninni] felst rétturinn til að móðga hvorn annan ... Hún felur sömuleiðis í sér réttinn til að valda öðrum óþægindum.“

Stærðfræðingurinn, Arturo Sangalli (f. 1940), tók í svipaðan streng: „Það þjónar hagsmunum allra að hlúa að þeim rétti, sem við öll þurfum svo oft á að halda; réttinum til að hafa rangt fyrir sér.“